

ÍPRÓTIÐ

Morgunblaðið

1995

■ ÞRIÐJUDAGUR 7. FEBRÚAR

BLAÐ

B

SKÍÐI

Ásta önnur og þriðja í Luleå

Ásta S. Halldórsdóttir, skíðakona frá Ísafirði, keppti í tveimur svígmótum í Luleå í Svíþjóð um helgina. Hún varði í öðru sæti í fyrra sviginu á laugardag og fékk fyrir það 25,24 alþjóðleg stig (FIS-stig) og síðari daginn varð hún í þriðja sæti og fékk 24,97 stig sem er með því betra sem hún hefur náð.



HANDKNATTLEIKUR



Morgunblaðið/Rúnar Þór

Til hamingju, pabbi!

BIKARMEISTARAR KA í handknattleik voru ákaft hylltir er þeir komu með bikarinn norður, eftir sigur á Val í stórkostlega eftirminnilegum, tvíframlengdum úrslitaleik, 27:26. Um 300 manns tóku á móti hetjunum fyrir norðan og eins og sjá má var flugstöðvarbyggingin á Akureyri tröðfull. Meðal þeirra sem tók á móti KA-liðinu var Aðalheiður Alfredsdóttir, sem pabbinn, Alfred Gíslason, þjálfari og leikmaður KA, hefur hér á loft.

■ Alfred / B2 ■ Erlingur / B2 ■ Leikurinn / B6

KÖRFUKNATTLEIKUR

Bandaríkjamaðurinn Mark Hadden vill fá tækifæri til að sanna sig í leik með KR

Mark Hadden, bandarískur leikmaður sem kom til landsins á fimmtudaginn í síðustu viku og hugðist leika með KR, var ekki á skýrslu í leik KR og Hauka á sunnudaginn. Axel Nikulásson, þjálfari KR, telur hann ekki nægilega stóran, og Vesturbæingar eru farnir að leita að nýjum erlendum leikmanni.

„Ég tel mig nógu góðan til að leika með KR og aðstoða liðið við að komast langt í deildinni, en ég verð að fá tækifæri til að sýna það. Það er ekkert að marka hvað maður sýnir á tveimur stuttum æfingum, þegar verið er að fara í gegnum leikkerfin,“ sagði Mark Hadden í samtali við Morgunblaðið í gærkvöldi. Hann sagði einnig að sér þætti dálftið furðulegt hvornig staðið væri að þessu máli.

Fer ef ég er ekki nógu góður

„Ég kom til landsins á fimmtudagsmorgni og tveir leikmenn sóttu mig út á völl. Síðan sá ég liðið leika um kvöldið og sá þá hvað ég get gert fyrir það. Á föstudaginn var æfing og aftur á laugardaginn. Loks á laugardagseftirmiðdag kemur stjórnarmaður út á hótél og segist vilja tala við mig og tjáir mér að þjálfarinn telji mig ekki nógu góðan til að leika með liðinu,“ segir hinn 26 ára gamli Hadden og bætir við: „Ég vil fá

tækifæri til að sýna mig í einum leik og ef ég er ekki besti bandaríski leikmaðurinn sem hingað hefur komið, þá er ég tilbúinn að fara. Ég ætla að standa við minn hluta af samningum og vona að KR geri það einnig.“

Axel sagði í gærkvöldi að þetta snerist alls ekki um hvort Hadden væri nógu góður til að leika í úrvalsdeildinni. „Við erum að leita að hávöxnum leikmanni sem getur leikið inni og úti, svipað og Her-

mann Hauksson gerði, en Hadden er um 185 sentimetrar og er fyrst og fremst bakvörður, en ég tel mig hafa nóg af þeim. Það var augljóst á fyrstu æfingu að við myndum ekki nota hann og þegar nýir leikmenn eru fengnir á miðju tímabili riðlast leikur liðsins vegna þess að þeir eru ekki komnir inn í leikkerfin og því var ástæðulaust að láta hann leika á sunnudaginn.“

Hadden segist sannfærður um að hann geti hjálpað KR og að hann geti tekið um 20 fráköst í leik. „Þeir segja að ég sé ekki nógu góður. Látið mig fá tækifæri til að sýna hvað ég get gert. Nú býð ég eftir að fá tækifæri til að leika eða að þeir standi við samninginn, ef þeir gera það geta þeir látið mig fara, það yrði þeirra missir,“ sagði Haddin.

Þáttur Jóhanns Inga mikilvægur

JÓHANN Ingi Gunnarsson, handboltahjálpari og sálfræðingur, fundaði með liði KA fyrir bikarúrslitaleikinn, að beiðni Alfred Gíslasonar — sem lék með Essen undir stjórn Jóhanns Inga á sínum tíma — og vildu KA-menn meina að þáttur Jóhanns hefði verið dýrmætur.

„Þegar maður hefur haft sama þjálfarann svona lengi er ekki víst að öll hans skilaboð komist nógu vel til mannskapsins. Við vorum mjög vel undirbúnir líkamlega og „taktískt“ en fundurinn með Jóhanni Inga held ég að hafi skipt sköpum upp á andlegu hliðina. Það var alveg sama hve mörg mistök við gerðum í leiknum, og þó við höfum raunverulega tapað honum tvisvar — við horfðum aldrei til baka, heldur einbeittum okkur að því að klára næsta verkefni. Jóhann Ingi eyddi ansi miklu af efanum í okkur; við vissum að það eru veikleikar í liðinu, en við lokuðum þá úti — ég held því að Jóhann Ingi hafi gert útslagið,“ sagði Erlingur Kristjánsson, fyrirlíði KA við Morgunblaðið.


HANDKNATTLEIKUR

Aldrei verið eins þreyttur

- sagði Alfreð Gíslason, þjálfari og leikmaður bikarmeistara KA

„ÞÁ ER þessi eftirsótti titill loksins kominn í höfn,“ sagði Alfreð Gíslason, þjálfari og leikmaður KA-manna, örþreyttur eftir leikinn. „Þetta var ansi erfið fæðing og hún gerði næstum útaf við mig. Ég hefði ekki getað spilað mínútu lengur, ég var alveg gjörsamlega búinn og held að ég hafi aldrei áður verið eins þreyttur eftir nokkurn leik. Ég var kominn með sínadrátt í báða kálfana,“ sagði þjálfarinn í sigurvímu eftir leikinn.

Alfreð sagðist hafa verið orðinn ansi hræddur um að lið hans myndi klúðra þessum leik eftir fyrri framlenginguna. „Við vorum tvisvar með unninn leik í höndunum en klúðruðum í bæði skiptin og þá hélt ég að þetta væri búíð hjá okkur. Ég er mjög stoltur af mínum strákum að þeir skyldu taka áföllunum svona vel og halda áfram og gáfust aldrei upp. Ég held að það sé ekki hægt að fá betri auglýsingu fyrir handboltann en þennan leik. Valsmenn eru með algjört topplið og ég held að leikurinn í heild hafi verið frábær. Þetta var alvöru handbolti, sterkur varnarleikur, markvarslan góð og hann bauð upp allt sem einkennir góðan leik. Umgjörðin hjá HSI var líka til fyrirmyndar. Ef þetta er það sem koma skal í heimsmeistarakeppninni í vor erum við í góðum málum,“ sagði Alfreð um liðið og hann tilkynnti strákunum í liðinu að nú yrði gefið frí frá æfingum fram á þriðjudag.



Morgunblaðið/Bjarni

STUÐNINGSMENN liðanna létu sitt ekki eftir liggja í leiknum eins og sjá má á þessum myndum.

Tókst í þriðju tilraun

VALDIMAR Grímsson, fyrrum Valsmaður, var að vonum ánægður eftir leikinn. „Það er bara eitt orð yfir þetta; Frábært. Þetta var rosalega spennandi leikur. Það má segja að við köstuðum sigrinum frá okkur tvisvar áður en það tókst loks í þriðju tilraun. Sennilega hefur það verið reynsluleysi okkar að ná ekki að klára þetta í fyrstu tilraun. En við lærðum með hverri framlengingunni og vissum hvað við gerðum rangt og slepptum bikarunum ekki frá okkur. Sigurinn var fyrst og fremst liðsheildarinnar. Við lögðumst allir á eitt og það komst aldrei innfyrir okkar dyr að tapa þessum leik. Ég hef unnið marga titla með Val og þó svo að hver þeirra sé stórmerkilegur verð ég að viðurkenna að þetta er einn af þeim sætari vegna þess að þetta er fyrsti titill sem KA vinnur í handbolta og það er gaman að eiga þátt í því. Það er líka gaman að stuðla að því að handboltinn brjóti sig út úr þessari þriggja liða hefð. Ég held að allir, jafnt áhorfendur sem leikmenn, hafi fengið allt sem hægt var að fá út úr þessum leik,“ sagði Valdimar.



Morgunblaðið/Rúnar Þór

Bikarinn kominn heim

SIGMAR Þröstur Óskarsson og Alfreð Gíslason voru að vonum ánægðir við komuna til Akureyrar á laugardagskvöld með bikarinn í fartaskinu. Hér sýna þeir fjölmörgum stuðningsmönnum KA-manna, sem tóku á móti þeim á Akureyrarflugvelli gripinn eftirsóttu. Lögreglumenn á staðnum áætluðu að um 300 manns hefðu verið samankomnir á flugvöllinum til að fagna hetjunum.

Patrekur og „skallinn“

Patrekur Jóhannesson var krúnurakaður í bikarleiknum á laugardaginn. Ástæðan var sú að hann lét lita á sér hárið fyrir helgi, en litunin misheppnaðist og því lét hann raka allt hárið af sér.

Misheppnað

„Hárið átti að vera í KA-litunum, en það klikkaði svo rosalega og ég varð að raka það allt af. Ég gat ekki látið nokkurn mann sjá mig

með mislitað hár. Ég ákvað því í samráði við konuna mína að raka það allt af. Ég held að ég sé skárri svona,“ sagði Patrekur.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Patrekur lætur krúnuraka sig og mætir þannig til leiks. Hann og Sigurður Bjarnason, þáverandi félagi Patreks í Stjörnunni, létu báðir krúnuraka sig á heimsmeistarakeppninni í Svíþjóð 1993.

Vorur tilbúnir í slaginn

SIGMAR Þröstur Óskarsson, markvörður, átti mjög góðan leik og varði 23 skot og þaraf 4 vítaskot. „Ég fann mig mjög vel. Vörnin var líka mjög góð fyrir fram og gerði mér auðveldara með að komast inni leikinn í byrjun,“ sagði Sigmar Þröstur. „Við stjórnmuðum leiknum nær allan tímann. Þetta var orðið mjög spennandi í lokin. Við fengum tvívegis tækifæri á að klára leikinn en klúðruðum því. Það var ekki hægt að klúðra þessu í þriðja sinn,“ sagði Sigmar.

„Við trúðum því allan tímann að við gætum unnið. Við undirbyggjum okkur sérstaklega vel fyrir leikinn bæði andlega og líkamlega. Við vorum tilbúnir í þennan slag.“

- Nú hefur þú fagnað bikartitli bæði með ÍBV og Stjörnunni, var þessi sigur eitthvað öðruvísi?

„Þessi var meira spennandi og „dramatískari“ en hinir. Við náðum algjörum toppleik. Það hafa alltaf verið baráttuleikir milli þessara liða og þessi var engin undantekning. Þetta er í annað sinn sem ég tek þátt í að vinna bikar fyrir landsbyggðina, ætli ég fari ekki á Ísa-fjörð næst,“ sagði Sigmar og brosti.

Ekki kominn niður á jörðina

„ÉG ER ekki næstum því kominn niður á jörðina og trú þessu varla,“ sagði Patrekur Jóhannesson, sem átti stjórnuleik. „Við undirbyggjum okkur mjög vel fyrir þennan leik. Ég held að það hafi ráðið úrslitum að við vorum hungraðari í titilinn en Valsmenn. Það small allt saman hjá okkur. Vörnin var frábær og Sigmar varði eins og hann gerir best og eins var Alfreð að gera hluti sem hann hefur ekki verið að gera mikið í vetur. Hann hefur líklega verið að spara sig fyrir þennan leik og það er þá mjög gott. Hann tók af skarið, sérstaklega í byrjun og gaf þannig tóninn. Þetta er frábær tilfinning og engin orð fá henni lýst,“ sagði Patrekur.

Alfreð átti þetta inni

ÓLAFUR Schram, formaður HSI, var ánægður með bikarleikina báða í Höllinni á laugardaginn. „Þetta hefur verið frábær bikardagur, það er ekki hægt að hugsa sér meiri spennu. Þetta sýnir hvað spennan er mikil í þessari íþrótt. Báðir leikirnir voru skemmtilegir og vel spilaðir og mikil spennu. Þetta er lífandi íþrótt og það er allt annað að vera viðstaddur svona leiki en að horfa á þá í sjónvarpi. Maður upplifir stemningu eins og hún gerist best. Vonandi er þetta forsmekkurinn að því sem koma skal í heimsmeistarakeppninni í vor,“ sagði formaður HSI.

Ólafur sagði sigurinn hafa getað lent hvorum megin sem var. „Ég er ánægður með að bikarinn lenti Alfreðs megin. Þetta eru allt ungir menn í Valsliðinu og þeir eiga möguleika á að vinna síðar. Ég held að það sé farið að halla undan hjá Alfreð og hann er búinn að þjóna þessari íþróttagrein í svo mörg ár að hann átti þetta inni. Þetta er líka lyftistöng fyrir íþróttina að bikararnir geta farið eitthvað annað en á Reykjavíkursvæðið. Það er það skemmtilega í þessu,“ sagði Ólafur.



Kraft
ALFREÐ Gíslason, þjálfari KA, fór fyrir góðan leik og dreif félagi sína áfram markaði

Fráb

KA-menn fögnuðu fyr

KA-MENN fögnuðu bikarmeistaratitli mest spennandi úrslitaleik sem fram KA og Vals var tvíframlengdur, stemur og hin besta skemmtun fyrir áhorfendur Staðan að loknum venjulegum leiktímum eftir fyrri framlengingu. Leikurinn var enda ekki á hverjum degi sem menn u

KA-menn komu vel stemmdir í leikinn og náðu fljótlega afgerandi forystu og fór Alfreð Gíslason þar fyrir sínum mönnum. Hann dreif liðið áfram með sínum einstaka krafti og smitaði þannig út frá sér. Þegar 8 mínútur voru eftir af fyrri hálfleik var staðan 10:5 fyrir KA og stefndi í stórsigur Norðanmanna. Valsmenn, sem eru þekktir fyrir að gefast ekki upp, söxuðu forskotið niður í tvö mörk fyrir hlé. 12:10. Frosti Guðlaugsson var drjúgur á lokakafli fyrri hálfleiks og gerði þrjú síðustu mörkin.

Þegar fjórar mínútur voru liðnar af síðari hálfleik voru Valsmenn búnir að jafna, 12:12. Þá hrökk Patrekur í gang, en hann fór sér frekar hægt í fyrri hálfleik. Hann gerði þrjú mörk á skömmum tíma og aftur var KA komið með tögl og hagldir. En seiglan í Valsliðinu var enn til staðar og aftur var jafnt, 17:17 og 19:19. Dagur kom liði sínu yfir 19:20 þegar

